

Þarfagreining á námsframboði  
á Norðurlandi vestra

Austur-Húnavatnssýsla





### Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Þekkingarsetur á Blönduósi
Markmið rannsóknar	Að meta þörf íbúa á Norðurlandi vestra fyrir nám eða fræðslu og að fá fram hugmyndir íbúa um hvers konar menntun stuðlar að bættu atvinnu- og mannlífi á svæðinu
Dagsetning skýrsluskila	26. nóvember 2013

### Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Undirbúningur og gagnaöflun	Auður Magnús Auðardóttir Hrefna Guðmundsdóttir Viktor Orri Valgarðsson
Úrvinnsla	Björn Rafn Gunnarsson Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Viktor Orri Valgarðsson
Skýrslugerð	Andrea G. Dofradóttir Ágústa Edda Björnsdóttir Guðný Bergþóra Tryggvadóttir Hrafnhildur Snæfríðar- og Gunnarsdóttir Vala Jónsdóttir



---

## EFNISYFIRLIT

<b>Töfluyfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>Helstu niðurstöður .....</b>	<b>6</b>
<b>Inngangur .....</b>	<b>10</b>
<b>Aðferð .....</b>	<b>10</b>
<i>Spurningakönnun .....</i>	<i>10</i>
<i>Úrvinnsla .....</i>	<i>12</i>
<i>Rýnihópar .....</i>	<i>12</i>
<i>Gagnaöflun .....</i>	<i>13</i>
<i>Skráning og úrvinnsla gagna .....</i>	<i>14</i>
<i>Styrkleikar og takmarkanir .....</i>	<i>14</i>
<b>Bakgrunnsupplýsingar .....</b>	<b>15</b>
<b>Niðurstöður .....</b>	<b>20</b>
<i>Nám .....</i>	<i>20</i>
<i>Staðnám/fjarnám .....</i>	<i>26</i>
<i>Endurmenntun .....</i>	<i>30</i>
<i>Áhugi á námi .....</i>	<i>38</i>
<i>Viðhorf til námsframboðs .....</i>	<i>45</i>
<b>Heimildir .....</b>	<b>59</b>

## TÖFLUYFIRLIT

Tafla 1.	Framkvæmd könnunar og svarhlutfall .....	10
Tafla 2.	Dreifing eftir kyni, aldurshópum og sveitarfélagi meðal svarenda og í þýði.....	11
Tafla 3.	Svarhlutfall eftir svæðum.....	12
Tafla 4.	Kyn svarenda.....	15
Tafla 5.	Aldur svarenda .....	15
Tafla 6.	Menntun svarenda .....	16
Tafla 7.	Staða á vinnumarkaði.....	17
Tafla 8.	Starfar þú hjá ríki, sveitarfélagi, einkaaðila eða félagsamtökum í þínu aðalstarfi? Spurt meðal þeirra sem voru starfandi.....	17
Tafla 9.	Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt? .....	18
Tafla 10.	Hvort býrð þú í dreifbýli eða þéttbýli? .....	18
Tafla 11.	Ert þú eða foreldrar þínir fædd(ur)/fæddir erlendis?.....	19
Tafla 12.	Ert þú skráð(ur) í skóla eða ertu á námssamningi? .....	21
Tafla 13.	Við hvaða skóla stundar þú nám? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi. Ef viðkomandi lagði stund á nám við fleiri en einn skóla var hann beðinn að skrá þann skóla þar sem hann stundaði mest nám.....	22
Tafla 14.	Hvaða gráðu/prófi munt þú ljúka með námi þínu? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi .....	23
Tafla 15.	Í hvaða grein stundar þú nám? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi .....	25
Tafla 16.	Stundar þú námið í staðnámi eða fjarnámi? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi.....	27
Tafla 17.	Hefur þú nýtt þér námsver í þinni heimabyggð? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi .....	28
Tafla 18.	Af hverju hefur þú ekki nýtt þér námsver í þinni heimabyggð? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi og höfðu ekki nýtt sér námsver í heimabyggð .....	29
Tafla 18b.	Aðrar ástæður svarenda sem nýttu sér ekki námsver í sinni heimabyggð .....	30
Tafla 19.	Hefur þú lagt stund á endurmenntun, símenntun eða sótt námskeið á síðustu 24 mánuðum sem þú lítur ekki á sem hluta af formlegu námi (þ.e. það er ekki hluti af formlega skólakerfinu eftir því sem þú best veist)?.....	31

---

Tafla 20.	Hver stóð fyrir námskeiðinu sem þú sóttir? Svarað var til um það námskeið sem síðast var sótt ef viðkomandi sótti fleiri en eitt námskeið.....	32
Tafla 20b.	Hver stóð fyrir námskeiðinu sem þú sóttir? .....	34
Tafla 21.	Hvert var efni námskeiðsins sem þú sóttir? Svarað var til um það námskeið sem síðast var sótt ef viðkomandi sótti fleiri en eitt námskeið.....	35
Tafla 22.	Hvar var námskeiðið sem þú sóttir haldið? Svarað var til um það námskeið sem síðast var sótt ef viðkomandi sótti fleiri en eitt námskeið.....	36
Tafla 23.	Lengd námskeiðs sem sótt var. Svarað var til um það námskeið sem síðast var sótt ef viðkomandi sótti fleiri en eitt námskeið .....	37
Tafla 24.	Hefur þú áhuga á að stunda einhvers konar nám á næstu þremur árum? T.d. formlegt nám, fræðslu, símenntun eða námskeiðum tengdum áhugamálum? .....	38
Tafla 25.	Hvers konar nám hefðir þú áhuga á að sækja? Spurt meðal þeirra sem höfðu áhuga á að stunda formlegt nám á næstu þremur árum .....	39
Tafla 26.	Á hvaða sviði eða í hvaða grein hefðir þú helst áhuga á að mennta þig? Svarendur í Austur-Húnavatnssýslu.....	40
Tafla 27.	Hvers konar námskeið eða endurmenntun hefur þú áhuga á að sækja? Svarendur í Austur-Húnavatnssýslu.....	43
Tafla 28.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Nægilegt framboð er af námi á framhaldsskólastigi fyrir fólk sem býr í minni heimabyggð.....	45
Tafla 29.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Nægilegt framboð er af námi á háskólastigi fyrir fólk sem býr í minni heimabyggð.....	47
Tafla 30.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Nægilegt framboð er af endurmenntun fyrir fólk sem býr í minni heimabyggð .....	48
Tafla 31.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Aukin menntun fólks í minni heimabyggð myndi skila sér í fjölbreyttara atvinnulífi .....	49
Tafla 32.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ef ég sæki mér meiri formlega menntun (í formlega skólakerfinu) aukast líkur mínar á að fá góða vinnu í minni heimabyggð .....	51
Tafla 33.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ef ég sæki mér meiri formlega menntun (í formlega skólakerfinu) aukast möguleikar mínir í núverandi starfi .....	52
Tafla 34.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég óttast að ráða ekki við þær kröfur sem gerðar eru í formlegu námi (í formlega skólakerfinu) .....	54
Tafla 35.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fjárhagur minn hindrar mig í að sækja mér meiri menntun .....	55
Tafla 36.	Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Mig vantar félagsskap til að fara í nám, t.d. að komast í tengsl við fólk sem langar að stunda sama nám og ég.....	56

---



- Tafla 37. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég tel að ég myndi mæta jákvæðu viðhorfi yfirmanna minna ef ég sækti mér aukna menntun ..... 57
- Tafla 38. Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum? ..... 58

## HELSTU NIÐURSTÖÐUR

### *Nám í formlega skólakerfinu*

- Um 30% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu voru skráð í formlegt nám eða voru á námsamningi á þeim tíma þegar könnunin fór fram sem er sambærilegt við hlutfallið sem skráð var í nám eða var á námssamningi á öllu Norðurlandi vestra.
- Flestir skráðir í nám voru á aldrinum 18-29 ára (48%), en hlutfallslega mun færri í eldri hópunum (10-16%). Um þriðjungur svarenda sem býr í þéttbýli í Austur-Húnavatnssýslu var skráður í nám eða var á námssamningi samanborið við fimmtung þeirra sem búa í dreifbýli.
- Rúmlega helmingur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu sem eru í námi eru skráðir í framhaldsskóla og um 40% þeirra í háskóla. Flestir eru skráðir í Verkmenntaskólann á Akureyri og Háskóla Íslands (16%). Um 10% eru skráðir í Tækniskólann og 8% í Háskólann á Akureyri.
- Um 57% svarenda sem skráðir eru í skóla munu annað hvort ljúka námi til stúdentsprófs (29%) eða BA/BS gráðu á háskólastigi (24%) með því námi sem þeir eru skráðir í núna. Um 18% íbúa Austur-Húnavatnssýslu koma til með að ljúka iðnnámi, 13% starfsnámi og 12% koma til með að ljúka framhaldsgráðu á háskólastigi.
- Tæplega þrjú af hverjum fimm nemendum í Húnaþingi vestra voru í staðnámi (56%), tæplega þriðjungur í fjarnámi (31%) og um 11% í svokölluðu dreifnámi. Engir nemendur 30 ára eða eldri virðast stunda staðnám í Austur-Húnavatnssýslu en fjórir af hverjum fimm nemendum undir þrítugu. Rúmlega fjórir af hverjum fimm nemendum á aldrinum 40 til 45 ára stunda fjarnám og vel yfir helmingur nemenda á aldrinum 30-39 ára.
- Rétt innan við fimmtungur þeirra sem skráðir voru í skóla meðal svarenda í Austur-Húnavatnssýslu (19%) hafði nýtt sér námsver í sinni heimabyggð. Þetta er nokkuð lægra hlutfall en fyrir Norðurland vestra í heild (26%).

### *Endurmenntun*

- Ríflega þriðjungur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu hafði sótt sér endur- eða símenntun af einhverju tagi undangengin tvö ár, sem þeir töldu ekki til formlegs náms. Hlutfallslega flestir þeirra voru háskólamenntaðir (55%) en einnig hafði talsverður fjöldi starfs- eða iðnmenntaðra

og þeirra sem lokið hafa bóklegu námi á framhaldsskólastigi sótt sér endur- eða símenntun (35-39%).

- Eigendur, stjórnendur og sérfræðingar virðist vera sú starfstétt sem hefur í hvað mestum mæli sótt símenntun og námskeið undangengin tvö ár (57%) sem og starfsfólk í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði (49%), en tæknar, sérmenntaðir og skrifstofufólk sem og véla-, vélgæslu- og ósérhæft starfsfólk höfðu margir einnig sótt sér slíka fræðslu (33-36%). Einungis 18% þeirra sem töldust vera án atvinnu höfðu sótt símenntun eða námskeið á tímabilinu.
- Flest námskeiðin sem svarendur höfðu sótt undangengið tveggja ára tímabil voru tiltölulega stutt, þ.e. vörðu í þrjá daga eða skemur, en ríflega fimmtungur voru fjórir dagar eða lengri. Karlar sóttu frekar en konur lengri námskeið.

### Áhugi á námi

- Langflestir, eða um 9 af hverjum 10 hafa áhuga á að stunda nám eða fræðslu af einhverjum toga og rúmlega 60% hafa áhuga á að stunda formlegt nám sem lýkur með gráðu eða starfsréttindum. Yngsti hópurinn (undir þrítugu) er mun áhugasamari en eldri hóparnir um að afla sér formlegrar menntunar (74% samanborið við 49-61%), en hlutfall þeirra sem hafa eingöngu áhuga á símenntun eða námskeiðasókn af einhverju tagi fer hækkandi með hverjum aldurshópnum. Afgreiðslu- og þjónustufólk var hvað áhugasamast starfsstétta um að sækja sér formlegt nám (81%). Hópurinn án atvinnu hafði hins vegar hvað síst áhuga á að sækja sér formlegt nám eða námskeið og símenntun af einhverju tagi (33%).
- Um fimmtungur þeirra sem sögðust áhugasamir um að afla sér formlegrar menntunar á næstu þremur árum hafði áhuga á að afla sér grunnmenntunar á háskólastigi og svipaður hópur hafði áhuga á að bæta við sig framhaldsnámi á háskólastigi. Þá hafði umtalsverður hópur áhuga á að afla sér iðnmenntunar eða fara í starfsnám (13-14%), en einnig hafði töluverður hópur áhuga á bóklegu námi. Flestir höfðu áhuga á því að afla sér formlegrar menntunar á sviði starfsmenntunar og iðngreina og einnig nefndu margir greinar á sviði félags-, heilbrigðis- og menntavísinda.
- Þeir þátttakendur sem höfðu áhuga á að sækja námskeið af einhverju tagi eða símenntun á næstu þremur árum nefndu flestir, eða 14-15%, námskeið eða fræðslu á sviðum landbúnaðar, iðngreina og starfsnáms eða handverks, lista, matreiðslu og tungumála.



### Viðhorf til námsframboðs

- Þátttakendur í spurningakönnuninni voru beðnir að taka afstöðu til 10 fullyrðinga til að meta viðhorf þeirra til námsframboðs á svæðinu. Þegar afstaða til fullyrðinganna er greind má sjá að 43% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu taldi að *framboð af námi á framhaldsskólastigi væri ekki nægilegt*, en hlutfallið var mun hærra en í Húnaþingi vestra og Skagafirði (15-29%).
- Um tveir af hverjum þremur voru ósammála fullyrðingunni um að *nægileg framboð væri af námi á háskólastigi í heimbyggðinni*, bæði í Austur-Húnavatnssýslu sem og á svæðinu í heild. Aðeins 16% Austur-Húnavetninga voru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.
- Nær helmingur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu var ósammála fullyrðingunni um að *nægilegt framboð af endurmenntun væri á svæðinu* sem er mun hærra hlutfall en á hinum svæðunum, en 40% svarenda Húnaþings vestra og 29% svarenda Skagafjarðar voru ósammála fullyrðingunni.
- Ríflega þrjú af hverjum fjórum svarendum í Austur-Húnavatnssýslu, sem og á Norðurlandi vestra í heild voru annað hvort frekar eða mjög sammála því að *aukin menntun fólks í heimabyggð skilaði sér í fjölbreyttara atvinnulífi*. Þá má sjá að hlutfallslega fleiri sem búa í þéttbýli í Austur-Húnavatnssýslu en í dreifbýli voru ósammála því að aukin menntun myndi skila sér í fjölbreyttara atvinnulífi (15% á móti 8%).
- Yfir helmingur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „*Ef ég sæki mér meiri formlega menntun (í formlega skólakerfinu) aukast líkur mínar á að fá góða vinnu í minni heimabyggð*“. Svipað hlutfall svarenda var sömu skoðunar í Húnaþingi vestra (54%) en mun hærra hlutfall Skagfirðinga (70%). Um fjórðungur íbúa Austur-Húnavatnssýslu var á hinn bóginn ósammála því að meiri formleg menntun þeirra sjálfra yki líkur á því að fá góða vinnu í heimabyggð.
- Innan helmingur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu og á Norðurlandi vestra í heild sinni (46-49%) var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „*Ef ég sæki mér meiri formlega menntun (í formlega skólakerfinu) aukast möguleikar mínir í núverandi starfi*“, en um þriðjungur var á hinn bóginn ósammála henni (31%). Um 65% eigenda, stjórnenda eða sérfræðinga og rúmlega helmingur tækna, sérmenntaðra og skrifstofufólks var frekar eða mjög sammála því að aukin menntun auki möguleika þeirra í núverandi starfi samanborið við 43-47% svarenda úr öðrum starfsstéttum og 13% þeirra sem eru án atvinnu.
- Rúmlega fimmtungur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu, sem og á Norðurlandi vestra í heild (21-22%) voru annað hvort frekar eða mjög sammála því að þeir *óttist að ráða ekki við þær*

kröfur sem gerðar eru í formlegu námi, en á bilinu 7-8% svarenda á þessum svæðum voru mjög sammála henni. Þeir sem einungis höfðu lokið grunnskóla voru frekar sammála fullyrðingunni (33%) en hinir menntahóparnir og aðeins 8% háskólamenntaðar voru mjög eða frekar sammála henni.

- Tveir af hverjum fimm svarendum í Austur-Húnavatnssýslu og á Norðurlandi vestra voru sammála fullyrðingunni um að fjárhagur þeirra hindraði þá í að sækja sér meiri menntun. Tæplega helmingur Austur-Húnavetninga og svarenda Norðurlands vestra í heild voru ósammála fullyrðingunni.
- Fjórðungur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu og fimmtungur á Norðurlandi vestra í heild sinni (21%) var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni „*Mig vantar félagsskap til að fara í nám, t.d. að komast í tengsl við fólk sem langar að stunda sama nám og ég*“. Meira en helmingur (57%) var á hinn bóginn ósammála að þá skorti félagsskap til að láta verða af því að fara í nám.
- Að síðustu voru þátttakendur beðnir að taka afstöðu til fullyrðingarinnar „*Ég tel að ég myndi mæta jákvæðu viðhorfi yfirmanna minna ef ég sækti mér aukna menntun*“. Rúmlega tveir af hverjum þremur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu (68%) og á Norðurlandi vestra í heild (66%) voru annað hvort frekar eða mjög sammála fullyrðingunni, en 14-15% íbúa þessara svæða voru fullyrðingunni ósammála.

## INNGANGUR

Þann 22. apríl 2013 samþykktu Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Þekkingarsetur á Blönduósi verkefnistillögu sem fól í sér framkvæmd rýnihópaviðtala og spurningakönnunar af hálfu Félagsvísindastofnunar fyrir Þekkingarsetrið. Markmið rannsóknarinnar er að meta þörf íbúa á Norðurlandi vestra fyrir nám eða fræðslu, sem og að fá fram hugmyndir íbúa um hvers konar menntun stuðlar að bættu atvinnu- og mannlífi á svæðinu. Þessi skýrsla greinir frá niðurstöðum rannsóknarinnar fyrir *Austur-Húnavatnssýslu*, sem er eitt af þremur svæðum Norðurlands vestra sem metin voru. Niðurstöður fyrir hin tvö svæðin, Húnaþing vestra og Skagafjörð, er að finna í sambærilegum skýrslum fyrir hvort svæði um sig.

## AÐFERÐ

Rannsóknin samanstóð annars vegar af þremur rýnihópaviðtölum, sem tekin voru á Blönduósi, Hvammstanga og Sauðarkróki við íbúa á Norðurlandi vestra og hins vegar af spurningakönnun sem lögð var fyrir 1300 manna úrtak íbúa 18-45 ára á Norðurlandi vestra.

### Spurningakönnun

Líkindaúrtak 500 íbúa á þessum aldri í Austur-Húnavatnssýslu var tekið úr þjóðskrá. Í Skagafjarðarsýslu var einnig tekið 500 manna líkindaúrtak en úrtakið í Húnaþingi vestra var 300 manns. Könnunin var lögð fyrir í síma en einnig var boðið upp á að svara henni sem netkönnun. Tafla 1 gefur yfirlit yfir framkvæmd könnunarinnar og svarhlutfall.

**Tafla 1. Framkvæmd könnunar og svarhlutfall**

Upplýsingasöfnun	19. september – 27. október
Framkvæmdarmáti	Símakönnun og netkönnun
Fjöldi í úrtaki	1300
Fjöldi svarenda	761
Svarhlutfall	58,5%

Alls svaraði 761 íbúi svæðisins könnuninni og er svarhlutfallið í könnuninni því 58,5%. Dreifingu svarenda eftir kyni, aldri og sveitarfélögum má sjá í töflu 2 ásamt dreifingu íbúa eftir þessum þáttum á svæðinu í heild, miðað við upplýsingar frá Hagstofu Íslands fyrir janúar 2013.<sup>1</sup>

**Tafla 2. Dreifing eftir kyni, aldurshópum og sveitarfélagi meðal svarenda og í þýði**

	Fjöldi svarenda	Fjöldi í þýði	Hlutfall af svarendum	Hlutfall í þýði	Hlutfall svarenda af þýði
<b>Heild</b>	761	2512	100%	100%	30%
<b>Kyn</b>					
Karl	359	1279	47%	51%	28%
Kona	402	1233	53%	49%	33%
<b>Aldur</b>					
18 til 29 ára	324	1121	43%	45%	29%
30 til 39 ára	272	856	36%	34%	32%
40 til 45 ára	165	535	22%	21%	31%
<b>Sveitarfélag</b>					
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>					
Blönduóssbær	128	294	17%	12%	44%
Húnavatnshreppur	66	146	9%	6%	45%
Skagabyggð	15	29	2%	1%	52%
Sveitarfélagið Skagaströnd	85	186	11%	7%	46%
<b>Húnaþing vestra</b>					
Húnaþing vestra	182	378	24%	15%	48%
<b>Skagafjörður</b>					
Sveitarfélagið Skagafjörður	272	1420	36%	57%	19%
Akrahreppur	13	59	2%	2%	22%





Eins og sjá má í töflu 2 eru konur hlutfallslega heldur fleiri meðal svarenda sé miðað við hlutfall þeirra í þýðinu. Dreifing svarenda eftir aldri er ekki ósvipuð dreifingu þeirra í þýði. Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði eru langstærsti hluti þýðisins en nokkru minni hluti svarendahópsins, en íbúar í Húnaþingi vestra, Blönduóssbæ og Sveitarfélaginu Skagaströnd eru nokkru stærri hluti svarendahópsins en þýðisins.

Við úrvinnslu könnunarinnar voru svarendur flokkaðir eftir svæðum/sýslum, miðað við upplýsingar um lögheimili þeirra úr þjóðskrá. Íbúar í Sveitarfélaginu Skagafirði og Akrahreppi voru þannig sameinaðir í hópinn *Skagafjörður* og íbúar í Blönduóssbæ, Sveitarfélaginu Skagaströnd, Skagabyggð og Húnavatnshreppi voru sameinaðir í hópinn *Austur-Húnavatnssýsla*. Þá voru íbúar

<sup>1</sup> Hagstofa Íslands, sjá <http://hagstofa.is/Hagtolar/Mannfjoldi/Sveitarfelog>

í Húnaþingi vestra einfaldlega kallaðir því nafni sem hópur. Hlutfall svarenda eftir þessum svæðum má sjá í töflu 3 og var það nokkuð jafnt milli svæðanna þriggja, eða frá 57% upp í 60,7%.

**Tafla 3. Svarhlutfall eftir svæðum**

	Fjöldi í þýði	Fjöldi í úrtaki	Fjöldi svarenda	Svarhlutfall	
Austur-Húnavatnssýsla	655	500	294	58,8%	
Húnaþing vestra	378	300	182	60,7%	
Skagafjörður	1479	500	285	57,0%	
<b>Fjöldi</b>	<b>2512</b>	<b>1300</b>	<b>761</b>	<b>58,5%</b>	

## Úrvinnsla

Svör í könnuninni voru greind með þeirri tölfræði sem er viðeigandi fyrir hverja og eina spurningu. Niðurstöður eru birtar í töflum, oft með súluritum. Töflurnar sýna hlutföll og fjölda svara skipt niður eftir bakgrunnsþáttunum kyni, aldri, menntun, starfi og stöðu á vinnumarkaði, búsetu sem og svæði Norðurlands vestra. Í töflunum eru aðeins birt svör þeirra sem tóku afstöðu til spurningarinnar. Af þeim sökum er mismunandi fjöldi svara á bak við hverja töflu.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ( $p < 0,05$ ). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist í úrtakinu sé einnig til staðar meðal allra íbúa 18-45 ára á svæðinu. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ( $p < 0,01$ ) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megi með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ( $p < 0,001$ ). Í nokkrum töflum er auk þess að finna skammstöfunina óg sem táknar að marktektarprófið hafi verið ógilt vegna fámennis í hópum.

## Rýnihópar

Verkefnið sem hér er lýst var að hluta unnið með eigindlegum aðferðum. Eigindlegar rannsóknir eiga það sammerkt að beinast að fáum þátttakendum og henta vel þegar markmiðið er að öðlast djúpan skilning á reynslu fólks út frá sjónarhóli þess sjálf (Rannveig Traustadóttir, 1993). Í eigindlegum viðtölum er umræðuefnið yfirleitt fyrirfram ákveðið en rannsakandi gefur

viðmælendum jafnframt tækifæri til að tjá sig frjálsglega um málefnið. Af þeim sökum eru viðtölin ólík frá einum þátttakanda til annars þó viðfangsefnið sé hið sama. Viðtölin veita þannig upplýsingar um hvað er mikilvægt fyrir tiltekinn félagshóp, hvaða merkingu hann leggur í það sem verið er að rannsaka og hvernig fólk skilur og skilgreinir tiltekna hluti (Kvale, 1996).

Rýnihópar eru ein leið gagnasöfnunar í eigindlegum rannsóknaraðferðum. Í rýnihópum er hópi fólks boðið að taka þátt í umræðum um ákveðið málefni. Þannig gefst rannsakendum tækifæri til að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma. Rýnihópaumræður leyfa jafnframt ákveðinn sveigjanleika og gera rannsakendum kleift að kafa dýpra í svör þátttakenda en hægt væri með notkun spurningakananna. Enn fremur hafa rýnihópar þann kost að byggja á samskiptum fólks. Þannig geta komið fram upplýsingar sem erfitt væri að ná fram með einstaklingsviðtölum. Í hópnum er rætt um sameiginlegan reynsluheim sem getur stuðlað að því að einstaklingar opni á umræður sem annars væru huldar rannsakanda (Madriz, 2000). Í umræðunum er leitast við að fá innsýn í hvaða merkingu þátttakendur leggja í það sem rannsakað er hverju sinni.

### *Gagnaöflun*

Tekin voru þrjú viðtöl í rýnihópum, eitt fyrir hvert landssvæði; Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýslu og Skagafjörð. Hér verður fjallað nánar um rýnihóp með íbúum Austur-Húnavatnssýslu. Þátttakendur voru valdir eftir ábendingum fólks á svæðinu og samanstóðu af fólki með ólíka reynslu, svo sem kennurum, sveitarstjórnarfólki, atvinnurekendum og fólki í námi. Jafnframt var leitast við að hafa þátttakendur með ólíkan bakgrunn og á ólíkum aldri. Rýnihópaviðtalið var haldið 16. maí 2013. Tólf manns voru boðaðir í rýnihópinn en alls tóku tíu þátt.

Umræðurnar fóru fram í húsnæði Þekkingarsetursins á Blönduósi. Umræður stóðu yfir í rúma klukkustund. Viðtalið hófst á inngangi þar sem umræðustjóri skýrði tilgang og ávinning rannsóknarinnar og bað þátttakendur að kynna sig. Þessu var síðan fylgt eftir með spurningum og umræðum er snéru að námi og fræðslu sem viðmælendur teldu geta stuðlað að bættu atvinnu- og mannlífi í sinni heimabyggð. Umræðustjóri hafði umræðuramma sér til stuðnings með atriðum sem ætlunin var að ræða. Í viðtölunum var þó lögð áhersla á að gefa þátttakendum færi á að tala um það sem þeim sjálfum fannst skipta máli. Í lokin voru viðmælendur spurðir hvort þeir hefðu eitthvað sem þeir vildu bæta við og þeim þannig gefinn kostur á að koma á framfæri efni sem skipti þá sjálfa máli en tengdust ekki endilega spurningum umræðustjóra.

### *Skráning og úrvinnsla gagna*

Viðtölin voru tekin upp og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og meginatriði þess dregin fram með því að gefa textabútum nafn. Í framhaldi var upplýsingum úr rýnihópnum fléttað saman við niðurstöður spurningakönnunarinnar.

Viðmælendum var heitið trúnaði og verða viðtölin hvergi birt í heild sinni. Við skrif upp úr viðtölunum eru þátttakendur ekki nafngreindir, né er vitnað beint í þá ef talið er að hægt sé að rekja upplýsingarnar til viðkomandi. Niðurstöður verða þess vegna birtar sem sjónarmið hóps í stað þess að lýsa skoðunum ákveðinna einstaklinga.

### *Styrkleikar og takmarkanir*

Í eigindlegum rannsóknum aflar rannsakandi gagna án milliliða og án þess að nota spurningar sem fela í sér fyrirframgefna svarmöguleika. Þar af leiðandi er rannsakandi ekki eins bundinn af áhyggjum af því hvort þátttakendur hafi skilið spurningarnar rétt.

Takmarkanir eigindlegra rannsókna eru fyrst og fremst taldar felast í takmörkuðu alhæfingargildi þeirra. Markmið eigindlegra rannsókna er að öðlast dýpri skilning á málefnum en ekki að fá fram niðurstöður sem alhæfa má yfir stærri hóp. Niðurstöður rýnihóparannsóknarinnar hafa ekki alhæfingargildi og því er ekki unnt að heimfæra upplýsingar sem gögnin veita yfir á alla þá sem búa í Austur-Húnavatnssýslu. Aftur á móti geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um að málum sé líkt farið hjá öðrum í svipaðri aðstöðu.

## BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Í þessum kafla má sjá samsetningu svarenda spurningakönnunarinnar eftir nokkrum bakgrunns- og lýðfræðilegum þáttum í Austur-Húnavatnssýslu annars vegar og hins vegar meðal svarenda á Norðurlandi vestra í heild sinni.

Eins og sjá má í töflu 4 svöruðu álíka margir karlar og konur í Austur-Húnavatnssýslu könnuninni, en á svæðinu í heild voru konur heldur stærri hluti svarenda.

**Tafla 4. Kyn svarenda**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Karl	144	49%	359	47%
Kona	150	51%	402	53%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>294</b>	<b>100%</b>	<b>761</b>	<b>100%</b>

Tafla 5 sýnir dreifingu svarenda eftir aldurshópum. Eins og sjá má var aldursdreifing svarenda nánast fyrir Norðurland vestra í heild og Austur-Húnavatnssýslu.

**Tafla 5. Aldur svarenda<sup>2</sup>**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
18-29 ára	126	43%	324	43%
30-39 ára	107	36%	272	36%
40-45 ára	61	21%	165	22%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>294</b>	<b>100%</b>	<b>761</b>	<b>100%</b>

Tafla 6 sýna dreifingu svarenda eftir menntun. Eins og sjá má hefur 40% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu ekki lokið formlegu námi umfram grunnskóla, en um einn af hverjum fjórum hefur starfs- eða iðnmenntun og 14% hafa lokið bóklegu framhaldsskólanámi. Um fimmtungur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu eru háskólamenntaðir

<sup>2</sup> Hafa ber í huga að elsti aldurshópurinn spannar minna aldursbil en yngri tveir hópunir, en úrtakið náði ekki til einstaklinga eldri en 45 ára.



Tafla 6. Menntun svarenda

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Grunnskólanám	115	40%	275	37%
Framhaldsskólanám	41	14%	115	16%
Starfsnám og iðnnám	70	25%	153	21%
Háskólanám	59	21%	195	26%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>285</b>	<b>100%</b>	<b>738</b>	<b>100%</b>
<b><i>Grunnskólanám</i></b>				
Grunnskólapróf	65	23%	147	20%
Hóf framhaldsskólanám	50	18%	128	17%
<b><i>Framhaldsskólanám</i></b>				
Bóklegt framhaldsskólanám	41	14%	115	16%
<b><i>Starfsnám og iðnnám</i></b>				
Lokið stuttu starfsnámi	17	6%	28	4%
Lokið verklegu framhaldi	53	19%	125	17%
<b><i>Háskólanám</i></b>				
Lokið prófi úr sérskóla við háskólastig	4	1%	18	2%
Lokið prófi á háskólastigi	44	15%	139	19%
Lokið framhaldsnámi í háskóla (MA, MS, doktorsnámi)	11	4%	38	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>285</b>	<b>100%</b>	<b>738</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	1		2	
Vil ekki svara	8		21	
<b>Alls</b>	<b>294</b>		<b>761</b>	

Dreifing svarenda eftir starfsstéttum er áþekkt í Austur-Húnavatnssýslu og fyrir Norðurland vestra í heild sinni. Eins og sjá má í töflu 7 voru langflestir starfandi, eða 87% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu og 84% svarenda á Norðurlandi vestra, en 9-11% voru eingöngu í námi á þessum svæðum og 4-5% voru án atvinnu (atvinnuleitendur, heimavinnandi, öryrkjar og í fæðingarorlofi). Um 20% þeirra sem voru starfandi í Austur-Húnavatnssýslu voru einnig í námi (50 manns) og hið sama gildi um 18% þeirra (112 manns) sem sögðust vera í vinnu meðal svarenda Norðurlands vestra í heild.

**Tafla 7. Staða á vinnumarkaði**

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Eigendur, stjórnendur og sérfræðingar	52	18%	161	22%
Sérmenntaðir, tæknar og skrifstofufólk	46	16%	82	11%
Afgreiðslu- og þjónustufólk	47	16%	117	16%
Starfsfólk við sjávarútveg, landbúnað og iðnað	45	16%	113	15%
Véla- og vélgæslufólk og ósérhæft starfsfólk	60	21%	153	21%
Nemar	25	9%	80	11%
Án atvinnu	11	4%	37	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>286</b>	<b>100%</b>	<b>743</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	4		3	
Vil ekki svara	4		15	
<b>Alls</b>	<b>294</b>		<b>761</b>	

Flestir, eða vel yfir helmingur svarenda (57-58%) sem voru starfandi, sögðust starfa hjá einkafyrirtæki, en um fimmtungur svarenda (19-21%) sagðist vinna hjá sveitarfélagi (sjá töflu 8).

**Tafla 8. Starfar þú hjá ríki, sveitarfélagi, einkaaðila eða félagasamtökum í þínu aðalstarfi? Spurt meðal þeirra sem voru starfandi**

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Ríkisfyrirtæki/ríkisstofnun	49	20%	100	16%
Sveitarfélagi	48	19%	129	21%
Einkafyrirtæki	141	57%	364	58%
Félagasamtökum/Bóndabýli/Annað	11	4%	32	5%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>249</b>	<b>100%</b>	<b>625</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	5		10	
Vil ekki svara	40		9	
Án atvinnu	36		117	
<b>Alls</b>	<b>294</b>		<b>761</b>	

Dreifing einstaklingstekna er svipuð í Austur-Húnavatnssýslu og á öllu Norðurland vestra (sjá töflu 9). Hlutfall þeirra sem voru í hæstu tekjuhópnum var þó heldur hærra meðal svarenda Austur-Húnavatnssýslu heldur en meðal svarenda á svæðinu öllu. Um 9% svarenda Norðurlands vestra hafði yfir 550 þúsund krónur í heildartekjur á mánuði fyrir skatt samanborið við 13% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu.

**Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?**

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Lægri en 150 þús. kr.	43	17%	111	17%
151 - 250 þús. kr.	60	24%	183	28%
251 - 400 þús. kr.	77	31%	205	31%
401 - 550 þús. kr.	36	15%	93	14%
Yfir 550 þús. kr.	31	13%	60	9%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>247</b>	<b>100%</b>	<b>652</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	0		0	
Vil ekki svara	47		109	
<b>Alls</b>	<b>294</b>		<b>761</b>	

Eins og sjá má í töflu 10 er hlutfall svarenda sem býr í dreifbýli mjög álíka í Austur-Húnavatnssýslu og á Norðurlandi vestra í heild sinni eða rétt rúmlega þriðjungur svarenda á svæðinu öllu (34-36%).

**Tafla 10. Hvort býrð þú í dreifbýli eða þéttbýli?**

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Þéttbýli	190	66%	479	64%
Dreifbýli	100	34%	273	36%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>290</b>	<b>100%</b>	<b>752</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	2		3	
Vil ekki svara	2		6	
<b>Alls</b>	<b>294</b>		<b>761</b>	

Langflestir, eða 96% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu, voru fæddir á Íslandi og áttu foreldra sem báðir voru fæddir á Íslandi (sjá töflu 11). Um 5% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu voru fæddir erlendis eða áttu foreldri sem var fætt erlendis samanborið við 7% svarenda af svæðinu öllu.

Tafla 11. Ert þú eða foreldrar þínir fædd(ur)/fæddir erlendis?

	<i>Austur-Húnavatnssýsla</i>		<i>Norðurland vestra</i>	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Hvorki ég né foreldrar mínir erum fædd erlendis	281	96%	705	93%
Ég er fædd(ur) erlendis en ekki foreldrar mínir	2	1%	5	1%
Ég og báðir eða annað foreldri mitt erum fædd erlendis	8	3%	31	4%
Annað eða báðir foreldrar mínir er(u) fædd/fæddir erlendis en ég er fædd(ur) héraðslendis	2	1%	15	2%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>293</b>	<b>100%</b>	<b>756</b>	<b>100%</b>
Veit ekki	0		0	
Vil ekki svara	1		5	
<b>Alls</b>	<b>182</b>		<b>761</b>	

---

## NIÐURSTÖÐUR

Í niðurstöðukaflanum er fjallað um niðurstöður spurningakönnunarinnar í Austur-Húnavatnssýslu. Í töflum gefur að líta samanburð við svæðið í heild, við Húnaþing vestra og Skagafjörð, auk þess sem niðurstöður eru almennt greindar eftir bakgrunni svarenda í Austur-Húnavatnssýslu. Þá eru fléttaðar inn í umfjöllunina niðurstöður úr rýnihópaviðtali sem tekið var við nokkra íbúa Austur-Húnavatnssýslu.

### Nám

Tæplega 30% svarenda í Austur-Húnavatnssýsla voru skráð í formlegt nám eða voru á námssamningi á þeim tíma þegar könnunin fór fram. Þetta má sjá í töflu 12. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á hlutfalli svarenda sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi eftir svæðunum þremur.

Langflestir þeirra sem voru skráðir í nám voru á aldrinum 18-29 ára (48%), en einungis 10-16% svarenda í eldri hópunum. Um þriðjungur fólks sem sinnir afgreiðslu- og þjónustustörfum var skráður í skóla, rúmlega fjórðungur svarenda í sjávarútvegi, landbúnaði eða iðnaði og fimmtungur tækna, sérmenntaðra og skrifstofufólks. Um tíundi hver svarandi án atvinnu (9%) var skráður í skóla eða var á námssamningi. Ekki var marktækur munur á hlutfalli þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi eftir kyni eða menntun en þéttbýlingar voru frekar skráðir í skóla (33%) en dreifbýlingar (21%).

Tafla 12. Ert þú skráð(ur) í skóla eða ertu á námssamningi?

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<b>Norðurland Vestra</b>				
<b>Alls</b>	28%	72%	755	28%
<b>Svæði</b>				
Austur-Húnavatnssýsla	29%	71%	290	29%
Húnaþing vestra	25%	75%	182	25%
Skagafjörður	30%	70%	283	30%
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>				
<b>Alls</b>	29%	71%	290	29%
<b>Kyn</b>				
Karl	27%	73%	142	27%
Kona	30%	70%	148	30%
<b>Aldur***</b>				
18-29 ára	48%	52%	126	48%
30-39 ára	16%	84%	104	16%
40-45 ára	10%	90%	60	10%
<b>Menntun</b>				
Grunnskólanám	30%	70%	115	30%
Framhaldsskólanám	44%	56%	41	44%
Starfsnám og iðnnám	23%	77%	69	23%
Háskólanám	23%	77%	57	23%
<b>Starf***</b>				
Eigendur/stjóm./séfr.	16%	84%	51	16%
Tæknar/sérm.st.f./skrifst.f.	20%	80%	45	20%
Afgreiðslu-/þjónustuf.	34%	66%	47	34%
Sjárvarútv./landb./iðnaður	27%	73%	45	27%
Véla-/vélgæslu-/ósérh.st.f.	17%	83%	59	17%
Nemar	100%	0%	25	100%
Án atvinnu	9%	91%	11	9%
<b>Búseta*</b>				
Þéttbýli	33%	67%	188	33%
Dreifbýli	21%	79%	99	21%

Marktaekur munur er á hópum; \* $p > 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ .  
óg merkir að gögnin uppfylla ekki forsendur marktektarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 13 gefur yfirlit yfir þá skóla sem þeir svarendur sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi voru skráðir í. Ríflega helmingur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu var skráður í framhaldsskóla og 41% í háskóla. Flestir voru skráðir í nám við Háskóla Íslands og Verkmenntaskólann á Akureyri eða 16% í hvorum skóla.

**Tafla 13. Við hvaða skóla stundar þú nám? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi. Ef viðkomandi lagði stund á nám við fleiri en einn skóla var hann beðinn að skrá þann skóla þar sem hann stundaði mest nám**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
<b>Námsstig</b>				
Framhaldsskóli	44	53%	102	48%
Háskóli	34	41%	100	47%
Annar skóli	5	6%	12	6%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>83</b>	<b>100%</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>
<b>Framhaldsskóli</b>				
Borgarholtsskóli	2	2%	5	2%
Fjölbrautaskólinn við Ármúla	1	1%	3	1%
Fjölbrautaskóli Suðurnesja	1	1%	2	1%
Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	1	1%	1	0%
Fjölbrautaskóli Norðurlands Vestra	6	7%	31	14%
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	1	1%	3	1%
Flensborg	0	0%	1	0%
lönskólinn í Hafnarfirði	1	1%	2	1%
Keilir	1	1%	2	1%
Kvennaskólinn í Reykjavík	0	0%	1	0%
Mennaskólinn við Hamrahlíð	1	1%	1	0%
Menntaskólinn á Akureyri	2	2%	7	3%
Menntaskólinn í Kópavogi	4	5%	4	2%
Menntaskóli Borgarfjarðar	0	0%	1	0%
Menntaskólinn á Ísafirði	0	0%	1	0%
Tækniskólinn	8	10%	13	6%
Verkmenntaskólinn á Akureyri	13	16%	20	9%
Verzlunarskóli Íslands	2	2%	4	2%
<b>Háskóli</b>				
Háskóli Íslands	13	16%	44	21%
Háskólinn á Akureyri	7	8%	22	10%
Háskólinn á Bifröst	3	4%	3	1%
Háskólinn á Hólum	1	1%	5	2%
Háskólinn í Reykjavík	3	4%	13	6%
Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri	5	6%	10	5%
Listaháskóli Íslands	2	2%	3	1%
<b>Annar skóli</b>				
Annar skóli	2	2%	4	2%
Farskólinn	3	4%	8	4%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>83</b>	<b>100%</b>	<b>214</b>	<b>100%</b>

Eins og sjá má í töflu 14 munu flestir, eða um 53% svarenda í Austur-Húnavatnssýslu annað hvort ljúka námi til stúdentsprófs (29%) eða grunngráðu á háskólastigi (24%) með því námi sem þeir eru skráðir í núna, sem er heldur ögn lægra hlutfall en meðal svarenda á svæðinu í heild. Í Austur-Húnavatnssýslu eru hlutfallslega heldur fleiri sem koma til með að ljúka starfsnámi (13%) en á svæðinu í heild (9%).

**Tafla 14. Hvaða gráðu/prófi munt þú ljúka með námi þínu? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stúdentsprófi	23	29%	61	29%
Starfsnámi (t.d. sjúkraliði, stuðningsfulltrúi eða annað sambærilegt)	10	13%	19	9%
Iðnnámi	14	18%	35	17%
Diplómagraðu á grunnstigi háskóla	2	3%	4	2%
BA/BS prófi eða annari grunngráðu á háskólastigi	19	24%	61	29%
Diplómagraðu á framhaldsstigi háskóla	1	1%	2	1%
Meistara- eða doktorsgráðu eða annari framhaldsgráðu á háskólastigi	9	11%	25	12%
Annari gráðu	1	1%	3	1%
<b>Fjöldi svara</b>	<b>79</b>	<b>100%</b>	<b>210</b>	<b>100%</b>

Tafla 15 gefur yfirlit yfir þær námsgreinar sem svarendur í Austur-Húnavatnssýslu sem skráðir voru í skóla eða voru á námssamningi lögðu stund á.

Þátttakendur í rýnihópnum ræddu mikið um atvinnulífið á svæðinu. Þeir bentu á að þrátt fyrir að atvinnuleysið væri lítið væri staðan ekki nógu góð. Laun væru almennt lág og tækifæri fyrir háskólamenntað fólk ekki nægilega mikil. Landbúnaður og sjávarútvegur hafi verið þungamiðjan í atvinnulífinu, en fjölbreytni í atvinnulífinu væri jafnframt mikilvæg. Þeir lýstu þeirri þróun síðastliðinna ára að úrvinnsla úr sjávarafurðum hafi flust af svæðinu og töldu þessa þróun neikvæða. Vaxtartækifærin fælust einkum í úrvinnslu sjávarafurða og ferðaþjónustu.

Viðmælendur töldu að flutningur opinberra starfa á svæðið hafa haft mjög góð áhrif á atvinnulífið. Þessi verkefni hefðu alla jafna gengið vel en þátttakendur töldu samt ákveðið óöryggi í kringum störfín, eins og sjá má á ummælum eins viðmælandans:

*Þetta er náttúrulega jákvætt á meðan það er en svo er spurning hver er í ráðaneytinu hvort þetta helst. Þetta er ekkert endilega í hendi. En þessi verkefni hafa gengið vel.*





Þátttakendur bentu á að eftirspurn eftir menntuðu fólki væri lítil á svæðinu og að margt fólk sæi því hugsanlega ekki tilgang með námi. Aukin menntun tryggði ekki hærri laun eða starf við hæfi. Að námi loknu væru oft fá störf í boði og þá þyrfti fólk að leita annað til að finna starfsvettvang sem hæfði menntun þeirra. Einn viðmælandinn hafði eftirfarandi um þetta að segja:

*Þannig að við erum að mennta fólkið í burtu. Það eru ekki tækifæri fyrir lögfræðinginn eða viðskiptafræðinginn á svæðinu.*

Allir voru hins vegar sammála um að það fælist auður í menntun, að menntun væri dýrmæt fyrir einstaklinginn sjálfan og jafnframt samfélagið í heild. Með auknu menntunarstigi væru auknar líkur á að fólk gæti skapað ný tækifæri og jafnvel búið til störf fyrir fleiri í heimabyggð. Þannig gagnist menntunin samfélaginu í heild. Einn viðmælandinn lýsti því svo:

*Ég hef trú á því að þegar við erum kannski búin að mennta 30 viðskiptafræðinga, þá myndu einhverjir skapa eitthvað fyrir sig á staðnum.*

Þátttakendur voru því sammála um að mikilvægt væri að halda á lofti umræðu um tækifærin sem í boði eru og þann auð sem felst í aukinni menntun. Ófaglært fólk gæti nálgast vellaunuð störf á sjó og því væri áhugi margra á námi takmarkaður. Það þurfi því að skapa meiri umræðu um nám og hvatningu fyrir fólk til að sækja námskeið og nám.

Tafla 15. Í hvaða grein stundar þú nám? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi

Gráða	Fjöldi	Grein
<b>Stúdentspróf</b>	<b>21</b>	
	1	Félagsfræði og sálfræði
	5	Félagsfræðibraut
	1	Háskólagátt
	1	Íþróttabraut
	1	Íþróttabraut til stúdents
	1	Íþróttfræðibraut
	1	Leiklistarbraut
	1	Menntastoðum
	1	Náttúrufræði
	5	Náttúrufræðibraut
	1	Sálfræði og uppeldisfræði
	1	Tungumála- og félagsgreinasviði
	1	Tungumálabraut
<b>Starfsnám</b>	<b>10</b>	
	3	Búfræði
	1	Einkaflugmannsnámi
	1	Læknaritarnámi
	2	Sjúkraliðabraut
	2	Skrifstofuskólanum
	1	Stuðningsfulltrúanámi
<b>Iðnnám</b>	<b>14</b>	
	1	Bífvélavirkjun
	1	Hársnyrtiðn
	1	Húsmiði
	1	Húsgagnsmiði
	1	Klæðskurði
	1	Meistaránámi í matvælaíðnaði
	1	Meistaránámi í rafvirkjun
	1	Netagerð
	1	Pípulögnum
	1	Rafvirkjun
	3	Skipsstjóm
	1	Vélstjóm

Framhald af töflu á næstu síðu.

**Tafla 15. Frh. Í hvaða grein stundar þú nám? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi**

Gráða	Fjöldi	Grein
Háskólanám	31	
	2	Búvísindum BS
	1	Byggingariðnfræði
	1	Félagsfræði og kynjafræði
	1	Félagsráðgjöf
	1	Heilbrigðisverkfræði
	1	Hestafræði
	1	Hjóðfæraleik
	2	Iðupjálfun
	3	Kennslufræði
	2	Líffræði
	1	Líftækni
	4	Lögfræði
	1	M.ed Íþrótt- og heilsufræði
	1	M.Ed. í menntunarfræðum með áherslu á sérkennslu
	1	Mennta- og uppeldisfræði
	1	Mannfræði
	1	Opinberni stjórnsýslu
	1	Rafiðnfræði
	1	Sálfræði
	1	Sjávarútvegi
	1	Sjávarútvegsfræði
	1	Tónlist
	1	Víðskiptafræði

## Staðnám/fjarnám

Þeir sem sögðust vera skráðir í skóla eða vera á námssamningi voru spurðir hvort námið væri stundað í staðnámi eða fjarnámi. Eins og sjá má í töflu 16 var ríflega helmingur svarenda Austur-Húnavatnssýslu í staðnámi (56%), tæplega þriðjungur í fjarnámi (31%) og um 11% í svokölluðu dreifnámi. Um 61% karla og 51% kvenna sagðist vera í staðnámi. Aftur á móti voru 35% kvenna skráðar í fjarnám samanborið við 26% karla. Hér skal þó hafa hugfast að ekki reyndist unnt að kanna hvort munurinn væri tölfræðilega marktækur þar sem gögnin uppfylltu ekki forsendur marktektarprófsins og gildir það sama um aðra greiningu eftir bakgrunni í töflunni. Svo virðist sem nemendur undir þrítugu stundi mun frekar staðnám en eldri hóparnir (76% samanborið við 0%) og síður fjarnám (19% samanborið við 56-83%). Þá voru það einkum háskólamenttaðir og svarendur með starfs- og iðnmenntun sem voru skráðir í fjarnám (44-46%). Þeir sem voru skráðir

í dreifnám voru einkum þeir sem höfðu starfs- eða iðnmenntun, en fjórðungur þeirra var í dreifnámi. Þá má sjá að svarendur í dreifbýli voru síður skráðir í fjarnám en þeir sem búa í þéttbýli.

**Tafla 16. Stundar þú námið í staðnámi eða fjarnámi? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi**

	Staðnámi	Fjarnámi	Dreifnámi	Annað fyrirkomulag	Fjöldi	Staðnámi
<b>Norðurland Vestra</b>						
<b>Alls</b>	64%	28%	7%	1%	212	64%
<b>Svæð<sup>og</sup></b>						
Austur-Húnavatnssýsla	56%	31%	11%	2%	81	56%
Húnaþing vestra	69%	27%	4%	0%	45	69%
Skagafjörður	69%	26%	5%	1%	86	69%
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>						
<b>Alls</b>	56%	31%	11%	2%	81	56%
<b>Kyn<sup>og</sup></b>						
Karl	61%	26%	13%	0%	38	61%
Kona	51%	35%	9%	5%	43	51%
<b>Aldur<sup>og</sup></b>						
18-29 ára	76%	19%	3%	2%	59	76%
30-39 ára	0%	56%	38%	6%	16	0%
40-45 ára	0%	83%	17%	0%	6	0%
<b>Menntun<sup>og</sup></b>						
Grunnskólanám	67%	21%	9%	3%	33	67%
Framhaldsskólanám	72%	28%	0%	0%	18	72%
Starfsnám og iðnnám	31%	44%	25%	0%	16	31%
Háskólanám	38%	46%	8%	8%	13	38%
<b>Búset<sup>og</sup></b>						
Þéttbýli	48%	33%	15%	3%	60	48%
Dreifbýli	76%	24%	0%	0%	21	76%

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ .  
óg merkir að gögnin uppfylla ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Þátttakendur í rýnihópnum töldu námsframboð í gegnum fjarnám vera gott og að fjarskiptatækni nýttist íbúum vel að því leyti. Aðalhindrunin væru hins vegar skortur á áhuga. Fólk sæi oft ekki tækifærin sem fælust í auknu námi. Í þessu samhengi var Farskóla Norðurlands vestra nefndur og að mati viðmælenda var framboð af námi þar umtalsvert. Námskeið féllu hins vegar oft niður þar sem ekki næðist að fá tilskilinn fjölda í þau.

Viðmælendur í rýnihópnum voru ánægðir með Dreifinámsdeildina, námsframboð þar gerði ungu fólki kleift að vera lengur í heimabyggð. Þeir töldu líklegt að ungt fólk flosnaði síður upp úr námi

Þegar það hefðu kost á námi við Dreifinámsdeildina. Þátttakendur höfðu almennt áhyggjur af því að ungt fólk sem sækta sér nám annað kæmi ekki tilbaka þar sem það fengi ekki störf við hæfi. Það væri því mikilvægt að kynna fyrir ungu fólki og krökkum starfstækifærin á svæðinu og kveikja hjá þeim áhuga á störfum í heimabyggð. Rætt var um starfsnám og ýmiskonar verkefni þar sem ungt fólk og krakkar fá tækifæri til að kynnast starfsvettvangi. Almenn ánægja var með verkefni og töldu viðmælendur þau geta stuðlað að hærra menntunarstigi og minna brottfalli úr skóla. Þátttakendur töldu að slík tækifæri hjálpuðu krökkum að finna störf sem þau hefðu áhuga á og gætu stefnt að í framtíðinni.

**Tafla 17. Hefur þú nýtt þér námsver í þinni heimabyggð? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi**

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<b>Norðurland Vestra</b>				
<b>Alls</b>	26%	74%	205	26%
<b>Svæði</b>				
Austur-Húnavatnssýsla	19%	81%	80	19%
Húnaþing vestra	30%	70%	44	30%
Skagafjörður	31%	69%	81	31%
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>				
<b>Alls</b>	19%	81%	80	19%
<b>Kyn</b>				
Karl	13%	87%	38	13%
Kona	24%	76%	42	24%
<b>Aldur<sup>og</sup></b>				
18-29 ára	10%	90%	58	10%
30-39 ára	44%	56%	16	44%
40-45 ára	33%	67%	6	33%
<b>Menntun<sup>og</sup></b>				
Grunnskólanám	9%	91%	34	9%
Framhaldsskólanám	24%	76%	17	24%
Starfsnám og iðnnám	25%	75%	16	25%
Háskólanám	25%	75%	12	25%
<b>Búset<sup>og</sup></b>				
Þéttbýli	23%	77%	61	23%
Dreifbýli	5%	95%	19	5%

Marktækur munur er á hópum; \* $p < 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ .  
óg merkir að gögnin uppfylla ekki forsendur marktektarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Rétt um fimmtungur þeirra sem skráðir voru í skóla meðal svarenda í Austur-Húnavatnssýslu (19%) hafði nýtt sér námsver í sinni heimabyggð, 24% kvenna en 13% karla (sjá töflu 17 hér að ofan). Flestir höfðu nýtt sér námsver í aldurshópnum 30-39 ára, eða 44% svarenda í þessum

aldurshópi. Eins og fyrr er ekki hægt að álykta um tölfræðilega marktækni í greiningu spurningarinnar eftir svæðum og bakgrunnsþáttum.

Þeir námsmenn sem ekki höfðu nýtt sér námsver í sinni heimabyggð voru spurðir hvers vegna þeir hefðu ekki gert það. Niðurstöður þessa má sjá í töflunum 18 og 18b. Í spurningunni voru gefnar upp mismunandi mögulegar ástæður og mátti svarandi merkja við allt sem hann taldi að ætti við sig. Eins og sjá má töldu flestir, eða 48%, ástæðuna vera þá að þeim þætti betra að vera heima og læra en einnig svöruðu margir því til að þeir vissu ekki af námsverinu, vissu ekki hvar það væri eða hefðu ekki útvegað sér aðgang að því (27-39%). Þá taldi um fjórðungur ástæðu þess að þeir nýttu sér ekki námsverið vera þá að þeir þekktu engan sem væri þar og/eða ættu ekki samleið með þeim sem nýttu sér það (23-26%)..

**Tafla 18. Af hverju hefur þú ekki nýtt þér námsver í þinni heimabyggð? Spurt meðal þeirra sem voru skráðir í skóla eða voru á námssamningi og höfðu ekki nýtt sér námsver í heimabyggð**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Finnst betra að vera heima og læra	21	48%	53	52%
Veit ekki til námsvers í minni heimabyggð	17	39%	54	47%
Veit ekki hvar það er	12	27%	41	38%
Hef ekki útvegað mér aðgang að því	12	29%	33	32%
Þekki engan sem er þar	10	23%	23	24%
Á ekki samleið með þeim sem nýta sér námsverið	11	26%	17	18%
Hef ekki tækifæri til að fara út af heimili mínu	7	16%	16	16%
Aðstaðan í heild sinni er ekki aðlaðandi	3	8%	5	6%
Netsamband er ekki nógu gott	1	3%	5	6%
Af öðrum ástæðum	27	57%	48	48%

*Þátttakendur merktu við allt sem átti við þá. Aðeins svör frá þeim sem ekki hafa nýtt sér námsver í sinni heimabyggð.*

**Tafla 18b. Aðrar ástæður svarenda sem nýttu sér ekki námsver í sinni heimabyggð**

Af öðrum ástæðum - Austur-Húnavatnssýsla	Fjöldi
Er í námi annars staðar	10
Hef ekki tíma/hef ekki þurft á því að halda	1
Hélt að þjónustan væri bara fyrir háskóla	1
By ekki í byggðinni	11
Er með góða aðstöðu heima	1
Annað <sup>1</sup>	3

Aðeins svör frá þeim sem ekki hafa nýtt sér námsver í sinni heimabyggð af öðrum ástæðum.

<sup>1</sup> Námsver var ekki til staðar þegar ég hefði viljað nýta það; handavinna; vinn verkefni á vinnutíma.

## Endurmenntun

Ríflega þriðjungur svarenda í Austur-Húnavatnssýslu hafði sótt sér endur- eða símenntun af einhverju tagi undangengin tvö ár, sem þeir töldu ekki til formlegs náms. Eins og sjá má í töflu 19 voru hlutfallslega flestir sem höfðu sótt símenntun eða námskeið háskólamenntaðir (55%) en einungis 27% þeirra sem höfðu ekki lokið námi umfram grunnskóla höfðu sótt símenntun eða námskeið á þessu tímabili. Umtalsverður munur var á þátttöku fólks í símenntun og námskeiðssókn eftir starfi og stöðu á vinnumarkaði. Þannig virðast eigendur, stjórnendur og sérfræðingar hafa í hvað mestum mæli sótt símenntun og námskeið undangengin tvö ár (57%), en starfsfólk í sjávarútvegi, landbúnaði og iðnaði hafði einnig í töluverðu mæli sótt sér slíka fræðslu (49%). Einungis 20% þeirra sem voru eingöngu í námi og 18% þeirra sem töldust vera án atvinnu höfðu sótt símenntun eða námskeið á tímabilinu.

**Tafla 19. Hefur þú lagt stund á endurmenntun, símenntun eða sótt námskeið á síðustu 24 mánuðum sem þú lítur ekki á sem hluta af formlegu námi (þ.e. það er ekki hluti af formlega skólakerfinu eftir því sem þú best veist)?**

	Já	Nei	Fjöldi	Já
<b>Norðurland Vestra</b>				
<b>Alls</b>	38%	62%	745	38%
<b>Svæði</b>				
Austur-Húnavatnssýsla	37%	63%	287	37%
Húnaþing vestra	34%	66%	178	34%
Skagafjörður	42%	58%	280	42%
<b>Austur-Húnavatnssýsla</b>				
<b>Alls</b>	37%	63%	287	37%
<b>Kyn</b>				
Karl	31%	69%	140	31%
Kona	41%	59%	147	41%
<b>Aldur</b>				
18-29 ára	34%	66%	124	34%
30-39 ára	39%	61%	103	39%
40-45 ára	38%	62%	60	38%
<b>Menntun**</b>				
Grunnskólanám	27%	73%	112	27%
Framhaldsskólanám	35%	65%	40	35%
Starfsnám og iðnnám	39%	61%	69	39%
Háskólanám	55%	45%	58	55%
<b>Starf**</b>				
Eigendur/stjóm./séfr.	57%	43%	51	57%
Tæknar/sérm.st.f./skrifst.f.	36%	64%	45	36%
Afgreiðslu-/þjónustuf.	27%	73%	45	27%
Sjárvarútv./landb./iðnaður	49%	51%	43	49%
Véla-/vélgæslu-/ósérh.st.f.	33%	67%	60	33%
Nemar	20%	80%	25	20%
Án atvinnu	18%	82%	11	18%
<b>Búseta</b>				
Þéttbýli	37%	63%	186	37%
Dreifbýli	36%	64%	99	36%

Marktaekur munur er á hópum; \* $p > 0,05$ ; \*\* $p < 0,01$ ; \*\*\* $p < 0,001$ .  
óg merkir að gögnin uppfylla ekki forsendur marktektarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%



Eins og sjá má í töflum 20 og 20b höfðu flestir sótt námskeið á vegum eigin vinnustaðar (29%). Nokkrir (7 manns) höfðu sótt námskeið hjá Farskólanum og hjá frjálsum félagasamtökum (9 manns).

**Tafla 20. Hver stóð fyrir námskeiðinu sem þú sóttir? Svarað var til um það námskeið sem síðast var sótt ef viðkomandi sótti fleiri en eitt námskeið**

	Austur-Húnavatnssýsla		Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hutfall	Fjöldi	Hutfall
Vinnustaður	29	29%	66	24%
Farskólinn	7	7%	46	16%
Frjáls félagasamtök	9	9%	19	7%
